

Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 22. júní 2020. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 30 í Reykjavík og hófst kl. 09:00.

Fulltrúar BSRB voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörn Arngrímsson og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Yfirvinna 1 og 2 – Breyting á gr. 1.5.1

Samráðsnefndin er sammála um að grein 1.5.1 breytist og hljóði svo þegar ákvæði í fylgiskjöllum 2 og 3 um styttingu vinnutíma koma til framkvæmda fyrir dagvinnufólk þann 1. janúar 2021 og fyrir vaktavinnufólk þann 1. maí 2021 :

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. gr. 2.1.1.

Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á gr.1.5.1 breyttri dagsetningu.

Starfi félagsmaður hjá sama sveitarfélagi á fleiri en einni starfseiningu eða stofnun skal við útreikning á yfirvinnu 1 og 2 miða við heildarstarfshlutfall hjá viðkomandi sveitarfélagi eins og um eitt starf væri að ræða.

2. Túlkun á gr. 10.2.5

Grein 10.2.5 er ný grein í kjarasamningum aðila sem hljóðar svo:

- 10.2.5 Grunnpróf á háskólastigi. Ekki er gerð krafa um háskólamenntun í starfið.

Hafi starfsmaður, sem sinnir starfi þar sem ekki er gerð krafa um háskólamenntun, lokið háskólaprófi allt að 180 ECTS, er heimilt að meta nám hans til 2% persónuálags fyrir hverjar 30 ECTS einingar. Sé þessi heimild nýtt ávinnur starfsmaðurinn sér ekki persónuálag samkvæmt gr. 10.2.1, 10.2.3 og 10.2.4. Hækkun samkvæmt grein þessari getur mest orðið 12% og skal taka

*gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námslok.
Einingar eru aldrei tvítaldar*

Tilgangur samningsaðila með greininni er að auka hvata til að meta háskólamenntun starfsmanna sem sinna störfum sem ekki krefjast háskólamenntunar. Mælt er með því að heimildin sé nýtt þegar hún er starfsmanni hagstæðari.

3. Félagsmannasjóður

Fulltrúar BSRB-sveit kynntu drög að stofnskrá sjóðsins.

4. Launatafla

Fulltrúar BSRB-sveit bentu á mun í launatöflum BSB-sveit og BHM.

5. Bókun 4 [2020]

Bókun 4 [2020] hljóðar svo:

Tímakerfi Aðilar eru sammála um að setja á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að ræða framkvæmd tímavinnukerfa s.s. vinnustundar og koma með tillögur að úrbótum til rekstraraðila. Skal hún skipuð eigi síðar en 1. mars 2020 og skal hún leggja sínar tillögur fyrir samstarfsnefndir aðila eigi síðar en 1. nóvember 2020. Ríkissáttasemjari boðar aðila til fyrsta fundar.

Samráðsnefndin er sammála að tilnefna fulltrúa í starfshópinn fyrir 1. júlí 2020.

6. Bókun 8 [2020] - Starfsmatskerfið Samstarf

Aðilar eru sammála um að á árinu 2020 hefji fagleg samráðsnefnd Samstarfs reglulega endurskoðun og uppfærslu starfsmatskerfisins. Helstu verkefni sem ráðist verður í eru:

- Gæðaúttekt á starfsmatskerfinu
- Yfirfara starfsreglur
- Matsaðferðir samræmdar milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar.
- Skoða þróun starfsmatskerfisins í Bretlandi og vinna að úrbótum á starfsmatskerfinu kerfinu í samráði við höfundarrétthafa.
- Skoða þarf útgefnar starfsmatsniðurstöður og bera saman við störf sem hafa fengið starfsmat á landsvísi.
- Heildarendurskoðun á útgefnum störfum.

Samráðsnefndin sammála um að standa sameiginlega að undirbúningi þessarar vinnu.

7. Greiðsla fyrir bakvakt á dagvinnutímabili

Málið verður rætt á næsta fundi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.